

**1994 nr. 22 29. mars****Lög um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru**

Tóku gildi 11. apríl 1994. *EES-samningurinn*: I. viðauki tilskipun 70/524/EBE og 73/103/EBE, II. viðauki tilskipun 76/116/EBE og 77/535/EBE og I. viðauki tilskipun 87/153/EBE. *Breytt með* L. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997) og L. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006).

**I. kafli. Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.**

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja bændum og öðrum notendum fullnægjandi vöru í samræmi við vörulýsingar og kröfur til landbúnaðarafurða um hollustuhætti.

■ **2. gr.** Lög þessi gilda um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á fódri sem ætlað er búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu og sölu fódri annarra dýra, svo og alla sáðvöru, tilbúinn áburð og önnur jarðvegsbættandi efni.

■ **3. gr.** [Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Landbúnaðarstofnun fer með umsjón með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.]<sup>1)</sup>

□ Til aðstoðar [Landbúnaðarstofnun]<sup>2)</sup> skipar landbúnaðarráðherra tvær nefndir til fjögurra ára í senn sem hafa það hlutverk að vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum:

1. Fóðurnefnd, skipuð þremur mönnum, [einum tilnefndum af Bændasamtökum Íslands],<sup>3)</sup> einum tilnefndum af [Landbúnaðarháskóla Íslands]<sup>4)</sup> og dýralækni tilnefndum af [Landbúnaðarstofnun].<sup>5)</sup> Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

2. Sáðvöru- og áburðarnefnd, skipuð þremur mönnum, [einum tilnefndum af Bændasamtökum Íslands],<sup>3)</sup> einum tilnefndum af [Landbúnaðarháskóla Íslands]<sup>4)</sup> og einum skipuðum af landbúnaðarráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

<sup>1)</sup> L. 76/2005, 19. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 20. gr. <sup>3)</sup> L. 73/1996, 30. gr. <sup>4)</sup> L. 76/2005, 21. gr. <sup>5)</sup> L. 76/2005, 22. gr.

**II. kafli. [Landbúnaðarstofnun.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 76/2005, 23. gr.

■ **4. gr.** [Landbúnaðarstofnun]<sup>1)</sup> skal halda skrá yfir þá aðila sem framleiða hér á landi eða flytja inn þær vörur sem lög þessi taka til. Óheimilt er að skrá framleiðanda eða innflutningsaðila sem ekki sýnir fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

<sup>1)</sup> L. 76/2005, 20. gr.

■ **5. gr.** Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi vörur sem lög þessi taka til nema tilkynna þær fyrst og láta skrá hjá [Landbúnaðarstofnun]<sup>1)</sup> sem staðfestir skráningu vörunnar. [Landbúnaðarstofnun]<sup>1)</sup> skal aðeins skrá vörur er þeim hefur verið lýst á fullnægjandi hátt.

□ Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga [Landbúnaðarháskóla Íslands]<sup>2)</sup>

og ráðunauta [Bændasamtaka Íslands],<sup>3)</sup> hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir. Enn fremur skal kveðið á um merkingar og lýsingu á notkun einstakra vöruflokka.

<sup>1)</sup> L. 76/2005, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 21. gr. <sup>3)</sup> L. 73/1996, 30. gr.

■ **6. gr.** [Landbúnaðarstofnun]<sup>1)</sup> skal með sýnatökum fylgjaast með að vörur þær, sem skráðar hafa verið, séu í samræmi við gildandi vörulýsingar. [Landbúnaðarstofnun]<sup>1)</sup> skal hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum hvar og hvenær sem þess er óskað. Kaupandi vöru getur óskað eftir því að fram fari sérstök athugun á vegum [Landbúnaðarstofnunar]<sup>1)</sup> vegna gruns um að varan sé ófullnægjandi. Kostnað af ítrekuðum tilefnislausum rannsóknum greiðir kaupandi samkvæmt reikningi.

□ Komi í ljós að vara uppfylli ekki uppgefnar vörulýsingar getur [Landbúnaðarstofnun]<sup>1)</sup> krafist stöðvunar á dreifingu og sölu vörunnar.

<sup>1)</sup> L. 76/2005, 20. gr.

■ **7. gr.** Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð<sup>1)</sup> nánari ákvæði um sýnatöku og önnur atriði er varða framkvæmd [Landbúnaðarstofnunar],<sup>2)</sup> svo og ákvæði um merkingar vöru og þökkun hennar og ákvæði um hámark óæskilegra efna eða bann við notkun þeirra.

<sup>1)</sup> Rg. 301/1995, sbr. 202/1996, 783/2001, 352/2002, 678/2002, 784/2003, 300/2004, 386/2004, 514/2005, 659/2006, 895/2006 og 919/2006; rg. 398/1995, sbr. 499/1996, 579/1999, 785/2001 og 301/2004; rg. 340/2001, sbr. 381/2001, 497/2001, 755/2001, 871/2001, 281/2002, 594/2002, 202/2003, 264/2003, 647/2003, 735/2003, 740/2003, 888/2003, 302/2004, 387/2004, 887/2004, 501/2005, 502/2005, 979/2005, 657/2006, 729/2006, 800/2006, 801/2006, 1018/2006 og 1068/2006; augl. 690/2001. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 20. gr.

**III. kafli. Eftirlitssjóður.**

■ **8. gr.** Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd [Landbúnaðarstofnunar]<sup>1)</sup> skal innheimta eftirlitsgjald sem miða skal við raunkostnað við eftirlit með vörum þeim sem lög þessi ná til. Sértekið eftirlitsgjald skal greiða eftir reikningi.

□ Eftirlitsgjald af innfluttum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu vörunnar. Af innlendri framleiðslu skal greiða gjaldið samkvæmt söluskýrslum sem skila ber tvisvar á ári. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um innheimtu á eftirlitsgjöldum, upphæð þeirra, álagningu, gjald-daga og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Eftirlitsgjöld má taka fjárnámi.

<sup>1)</sup> L. 76/2005, 20. gr. <sup>2)</sup> Rg. 340/2001, sbr. 381/2001, 497/2001, 755/2001, 871/2001, 281/2002, 594/2002, 202/2003, 264/2003, 647/2003, 735/2003, 740/2003, 888/2003, 302/2004, 387/2004, 887/2004, 501/2005, 502/2005, 979/2005, 657/2006, 729/2006, 800/2006, 801/2006, 1018/2006 og 1068/2006.

**IV. kafli. Refsiákvæði, gildistaka o.fl.**

■ **9. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

□ Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . .